

Tillögur stjórnar Íslenska lífeyrissjóðsins til breytinga á samþykktum sjóðsins, til framlagningar á ársfundi sjóðsins 19. maí 2008.

Stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins hefur samþykkt tillögu til breytinga á samþykktum sjóðsins. Hún lýtur að því að heimila eingreiðslu ellilífeyris og/eða bundinnar séreignar þegar réttindi og/eða bundinn lífeyrissparnaður er undir tilteknum mörkum. Tillaga þessi á sér fordæmi hjá öðrum lífeyrissjóðum og er jafnt sjóðnum og sjóðfélögum til hagræðis.

Tillaga:**Við grein 15.1 bætast svohljóðandi málsgreinar:**

Ef áunnin réttindi til ellilífeyris eru minni en 5.000 kr. á mánuði, og ekki er um sameiningu við önnur réttindi að ræða, skal stjórn sjóðsins greiða sjóðfélaga í lífeyri í einu lagi þá upphæð sem svarar til tryggingafræðilegs virðis lífeyrisréttarins, fari sjóðfélagi fram á slíkt með skriflegri beiðni. Fjárhæð þessi skal endurreiknuð í byrjun hvers árs í samræmi við breytingu á vísitölu neysliverðs til verðtryggingar miðað við vísitölu 290,4 í mars 2008.

Ef bundin séreign sjóðfélaga nær ekki kr. 500.000 skal stjórn sjóðsins greiða hana út í heilu lagi ef viðkomandi sjóðfélagi fer fram á slíkt með skriflegri beiðni. Viðmiðunarfjárhæð þessi breytist í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysliverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.

Gildistaka.

Breyting þessi tekur gildi fyrsta dag mánaðar eftir að hún hlýtur staðfestingu fjármálaráðherra.